

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Við úthlutun styrkja skal sjóðsstjórn m. a. hafa hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda með tilliti til allra skulda, veðskulda, haldsréttar-skulda og lausaskulda, eins og þær eru, þegar umsókn er send.
2. Vátryggingarfjárhæð skips, sem sé sundurliðuð þannig:
 - a) Bolur, reisn og rafbúnaður.
 - b) Aðalvél, ljósavélar og vindur.
 - c) Siglinga- og stjórnæki.

3. Mati Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum á því, hvers virði búnaður hvers skips geti verið til sölu. Skal leita eftir slíku mati þegar, er umsókn berst.

Sjóðsstjórn skal aðallega og eftir því sem fært er miða upphæð styrks við það, að skuldastaða styrkþega verði viðunanleg að fengnum styrk. Þessi regla hamlar þó ekki því, að skuldlaus eða skuldlítill útgerðaraðili fái styrk úr Úreldingarsjóði. Leggur sjóðsstjórn þá sanngirnismat hverju sinni á upphæð styrks, m. a. með hliðsjón af upphæð styrkja til annarra útgerðaraðila, sem áttu/eiga sambærileg skip, en hjuggu/búa við erfiða fjárhagsstöðu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 5 13. febrúar 1976, sbr. lög nr. 2 1. febrúar 1980 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júlí 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Ingimar Einarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 266/1980, orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulíð tekur þó ekki til sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald. Undanþagan nær heldur ekki til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða vingerðar, kex og annarra íburðarmeiri brauðvara er falla undir tollskrárnúmer 19.08.03—09 ef þær innihalda 20% eða meira af súkkulaði miðað við þyngd, poppkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskyldt samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 29. júlí 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.